

IV/21.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík - þriðjudaginn 4. mars 2003. Klukkan 13:00.		
Sakarefni: Auðgunarbrot, brot á lögum um bókhald, brot á lögum um hlutafélög		
Vitni: Óskar Magnússon	Kennitala: 130454-5699	
Starf/staða: Forstjóri Íslandssíma og fyrrverandi stjórnarformaður Baugs hf.	Vinnusími: 595-5000 / 821-1336	
Lögheimili: Sámsstaðabakki, Rangárþingi eystra	Sími:	
Dvalarstaður: Smáraflöt 49, Garðabæ	Sími: 565-7371	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.		

Óskar er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar ætluð brot forsvarsmanna Baugs-Group hf. Óskari er jafnframt kunnugt um opinbera rannsókn á ætluðum brotum stjórnenda Baugs Group hf. (hér eftir ritað BG hf.) í framhaldi af kæru Jóns Geralds Sullenberger en í þágu þeirrar rannsóknar hafa ýmis erindi verið send frá efnahagsbrotadeild RLS til stjórnar og lögmanns BG hf. Óskari er kynnt að fyrir liggi rökstuddur grunur um að stjórnendur BG hf. a.m.k. þeir Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi gerst brotlegir við XXVI. kafla almennra hegningarlaga, bókhaldslaga og laga um hlutafélög í tengslum við viðskipti við félögin Nordica Inc og New Viking Inc. í Florída., sem og eiganda þeirra, Jón Gerald Sullenberger.

Óskar er spurður hvort hann sé tilbúinn að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu varðandi ofanskráð.

Óskar kveðst reiðubúinn að tjá sig um málið.

Óskar er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli.

Óskar kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði.

Stjórn Baugs Group hf.

Fyrir Óskar er lagt skjal II/16.1 sem er samantekt RLS varðandi stjórnarmenn Baugs Group hf. ásamt tilvísuðum gögnum frá Hlutafélagaskrá. Óskar er spurður hvort upplýsingar um stjórnarsetu hans séu réttar á samantektinni.

Óskar segir þessa samantekt vera rétta hvað stjórnarsetu hans í stjórn Baugs hf varðar. Hann kveðst hafa verið þar stjórnarformaður frá stofnun félagsins til ársloka 1999.

Óskar er spurður hvort hann þekki til vöruviðskipta Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki félagsins og ef svo er beðinn að gera grein fyrir því hvaða upplýsingar hann hafði um þau viðskipti.

Óskar kveðst ekki hafa þekkt til viðskipta Baugs eða undirfyrirtækja þess við Nordica Inc. Hann kveðst þó hafa vitað af þessu viðskiptasambandi, en ekkert varðandi það hve mikil þau viðskipti voru eða í hvaða formi. Hann kveðst sem stjórnarformaður ekki hafa fylgst með hlutum af þessu tagi í störfum sínum, það hafi ekki verið hans hlutverk að fylgjast með einstökum viðskiptum eða viðskiptamönnum félagsins.

[Handwritten signature]

05944 *[Handwritten initials]*

Óskar tekur það fram að þessi viðskipti við Nordica hafi ekki verið ný af nálinni. Hann kveðst hafa vitað af því að Jón Ásgeir og Jón Gerald væru gamlir vinir og þeirra viðskiptasamband næði allt aftur til þess tíma þegar Bónus var rekið sem sjálfstætt fyrirtæki. Þannig kveðst Óskar hafa heyrt af þessum manni og þessu félagi, en ekki þekkt neitt sérstaklega til viðskipta þess við Baug eða undirfyrirtæki þess.

Óskar er spurður hvort stjórn BG hf. hafi haft vitneskju um önnur viðskipti en vöruviðskipti Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki þess og þá beðinn að gera grein fyrir hvaða upplýsingar stjórnin hafði um þau viðskipti.

Óskar kveðst ekki þekkja til neinna annarra mála, annað en það að Jón Gerald eða Nordica Inc hafi í einhverjum tilvikum haft milligöngu um það að kaupa bifreiðar frá Bandaríkjunum sem hafi verið notuð í fyrirtækjum Baugs. Óskar kveðst ekki hafa komið neitt að þeim viðskiptum. Að öðru leyti kveðst Óskar ekki þekkja til neinna annarra viðskipta við Nordica en vöruviðskipta, eins og hann hafi greint frá.

Óskar tekur það fram að hann hafi aldrei séð neina reikninga frá Nordica Inc sem sendir hafa verið Baugi.

Óskar er spurður hvort stjórn Baugs Group hf. hafi á einhvern hátt fjallað um ofangreind viðskipti Nordica Inc við BG hf. og þá hvernig.

Óskar kveðst ekki minnst þess að viðskiptin við Nordica Inc hafi nokkurn tíma verið til umræðu á stjórnarfundum félagsins, né kveðst Óskar minnst þess að hafa rætt þau viðskipti nokkuð við stjórnendur félagsins.

Undir Óskar er borinn reikningur frá Nordica nr. 99064 sem dagsettur er þann 30.04.1999 að fjárhæð USD. 25.000.- og stílaður á Baug. Óskar er spurður hvort hann kannist við þennan reikning og þau viðskipti sem búa að baki hans.

Óskar kveðst aldrei hafa séð þennan reikning fyrr og kveðst heldur ekki kannast neitt við þau viðskipti sem að búa þar að baki. Hann kveðst aldrei hafa heyrt neitt um það að Nordica Inc hafi unnið markaðskannanir fyrir Baug í Bandaríkjunum. Í það minnsta kveðst Óskar ekki hafa verið upplýstur um það hafi svo verið. Óskar segir því þennan reikning og efni hans vera eitthvað alveg nýtt fyrir honum.

Greiðslur Baugs Group hf á reikningum frá Nordica Inc og tengsl BG hf við viðskipti með báta í Flórída:

Óskar er spurður hvort hann viti til þess að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson eigi bát í Flórída.

Óskar kveðst ekki hafa vitað til þess með vissu. Hann kveðst eins og svo margir aðrir hafa heyrt orðróm um það að svo væri.

Óskar er spurður hvort hann viti til þess að Baugur Group hf. hafi greitt afborganir eða rekstur báts í Flórída.

Óskar kveðst ekki vita til þess að svo hafi verið, enda hefði það ekki verið látið líðast.

Óskar er spurður hvort stjórn BG hf. hafi einhvern tímanna, á einhvern hátt fjallað um umræddan bát eða báta í eigu Jóns Ásgeirs, Jóhannesar eða Jóns Gerald Sullenberger eða félaga sem þeir tengjast, þann tíma sem Óskar var stjórnarformaður Baugs.

Óskar segir það aldrei hafa verið gert og segir Óskar að honum hafi ekki verið kunnugt um það að félagið hefði nokkuð með neinn bát að gera.

Óskar er spurður hvort stjórn BG hf hafi verið kunnugt um, eða fjallað á einhvern hátt um greiðslur til Nordica Inc í Flórída í þeim tilgangi að taka þátt í tapi eða kostnaðarauka þess frá 1999.

Óskar segir það aldrei hafa verið rætt undir hans stjórnarformennsku, ekkert um greiðslur til Nordica Inc vegna tap þess félags eða kostnaðarauka. Það hafi hvorki verið rætt formlega né óformlega.

Óskari er gerð grein fyrir því að Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi frá árinu 1997 og fram á síðari hluta ársins 1999 greitt reglubundna reikninga frá Nordica Inc vegna reglulegra afborgana af lánnum og fasts rekstrarkostnaðar bátanna Viking I og Viking II en bátarnir voru skráð eign Jóns Gerald Sullenberger í Miami á Flórída. Frá áramótunum 1999/2000 hafi reikningar vegna þessa fasta kostnaðar við bátana fallið niður hjá Gaumi.

Á sama tíma hafi farið að berast reikningar einu sinni í mánuði frá Nordica Inc til Baugs aðalskrifstofu með textanum "Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work" fyrst að fjárhæð USD 8.000 en frá maí 2000 að fjárhæð USD 12.000. Þessir reikningar hafi verið samþykktir af Tryggva Jónssyni, greiddir og færðir á gjaldaliðinn "Tæknileg aðstoð án vsk".

Óskari er tjáð að Jón Gerald Sullenberger hafi greint frá því að allir reikningarnir með textanum "Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work" séu framhald af mánaðarlegum reikningum sem hann sendi áður til Gaums vegna afborgana og rekstrar báts í eigu hans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar en skráð eign New Viking í Miami á Flórída. Reikningarnir hafi verið orðaðir á þennan hátt skv. fyrirmælum Tryggva Jónssonar. Þessir reikningar eða greiðslur fyrir þá hafa að hluta til verið færðir í bókhaldi Nordica Inc, en einnig að hluta í bókhald New Viking Inc. Óskari er einnig tjáð að rannsóknarar RLS hafi staðreynt að greiðslur sem bárust frá BG hf vegna þessara reikninga hafi verið notaðar til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking sem var/er skráð eign félagsins New Viking í Miami í Flórída en eigandi allra hlutabréfa sé Jón Gerald Sullenberger. Hins vegar liggja fyrir að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson telji sig eigendur að stórum hluta þess báts.

Óskari er tjáð að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi neitað því að nokkuð væri til í að þeir hefðu á ofangreindan hátt notað fjármuni BG hf til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking heldur hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald Sullenberger um að hann annaðist ýmis störf í þágu Baugs í Bandaríkjunum og fyrir það hafi Baugur greitt honum/Nordica skv. þessum reikningum. Hafi Nordica þannig verið styrkt þar sem um var að ræða birgja sem stjórnendur Baugs töldu vera mikilvægan.

Óskar er spurður hvort hann hafi á einhvern átt haft vitneskju um þetta, en þessir mánaðalegu reikningar frá Nordica Inc tóku að berast Baugi í ársbyrjun 2000, á þeim tíma þegar Óskar er að láta af stjórnarformennsku.

Óskar kveðst ekkert hafa vita um þetta. Hann kveðst ekki kannast við neina umræðu innan Baugs um það að Baugur hafi styrkt Nordica Inc með þessum hætti, eins borið sé undir hann hér að Tryggvi og Jón Ásgeir hafi skýrt frá hjá lögreglu. Þá kveðst Óskar ekki hafa vitað neitt af slæmri fjárhagstöðu Nordica Inc á þessum tíma. Allra síst kveðst Óskar hafa vitað af greiðslum frá Baugi til Nordica Inc vegna reksturs báts á Flórída.


Óskar kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja. Hann ítrekar að hann hafi ekki verið í því hlutverki innan Baugs að fylgjast með slíkum viðskiptum, eins og borin hafa verið undir hann við þessa skýrslutöku.

Skýrslutöku lauk kl. 14⁰⁰

Staðfest rétt eftir haft:


Óskar Magnússon

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur yfirlestur:

